

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 139/2007

frá 26. október 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2007 frá 28. september 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1883/2006 frá 19. desember 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1883/2006 fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzm (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/677/EB):  
„54zzzn. **32006 R 1883**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1883/2006 frá 19. desember 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi díoxína og díoxínlíkra PCB-efna í tilteknum matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 32).“
2. Brotti falli texti liðar 54zzc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB).

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1883/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 21, og EES-viðbæti nr. 9, 21.2.2008, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.